

Ed.

619. Nefndarálit

[184. mál]

um frv. til 1. um hlutatryggingasjóð bátatúvogsins.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur þriklofnað um afgreiðslu frumvarps þessa. Meiri hlutinn vill, að frv. verði samþ. óbreytt í meginatriðum. Formaður nefndarinnar (GJ) vill hins vegar gera gagnrægar breytingar á frumvarpinu, bæði að því er varðar uppbyggingu þess og efni ýmissa undirstöðuatríða.

Ég er samþykkur ýmsum þeim breytingum, sem GJ flytur við frumvarpið, einkum þeim er varða uppbyggingu þess. Hins vegar greindi okkur svo mjög á um undirstöðuatríði frumv., þ. e. um aðferðir til tekjuöflunar í sjóðinn og um upphæðir og fyrirkomulag bótagreiðslna úr honum, að við gátum ekki skilað sam-
eiginlegu nefndaráliti.

Sérstaða mín byggist einkum á eftirfarandi:

1. Ég vil ekki, að sett verði upp umfangsmikið og dýrt skrifstofubákn og stjórnarkerfi fyrir sjóðinn. Þess vegna legg ég til, að stjórnin verði þannig skipuð, að réttmætt sé að hafa hana ólaunaða, eins og ég legg til að verði. Enn fremur að ekki verði sérstakir, launaðir endurskoðendur, heldur skuli endurskoðendur ríkisins endurskoða reikninga sjóðsins án aukabóknunar. Og loks að Fiskifélag Íslands skuli annast afgreiðslu sjóðsins án sérstakrar greiðslu fyrir það starf, enda fær Fiskifélagið starfsfé sitt frá ríkissjóði, eins og kunnugt er.
2. Ég vil setja ákvæði um, að árlegar tekjur sjóðsins verði ekki minni en fjórar milljónir króna. Hins vegar tel ég algerlega rangt, að sjómenn séu látnir greiða iðgjöld til þessarar tryggingar — eins og verða mundi, ef tekið verður hundr- aðsgjald af óskiptum afla — því það er útgerðin sjálf, sem með þessum lögum á að tryggja, en ekki hlutur skipverja umfram það, sem þeir sjálfir hafa tryggt með samningum stéttarféлага sinna.

Ég legg því til, að bátaútvegurinn sé látinn greiða nokkurt iðgjald, með $\frac{1}{4}$ % útflutningsgjaldi af útfluttum sjávarafurðum bátaflotans. Í öðru lagi séu þeir bankar, sem útvegurinn skiptir við, Landsbankinn og Útvegsbankinn, látnir leggja tíunda hluta af nettó viðskiptahagnaði sínum í sjóð þennan. Og loks, ef þessar tekjur ná ekki fjórum milljónum á ári, þá skuli ríkissjóður leggja fram það, sem til vantar.

3. Ég tel, að bætur þær, sem ætlað er að greiða skv. frumvarpinu, séu of lágar. Eftir bótastiga frumv. eiga skip, sem veiða 45 % af meðalafla eða minna, að fá bætt 40 % af því, sem vantar á meðalafla. Hjá skipi, sem veiddi 45 % af meðalafla, mundi samkv. þessu eigin veiði og bætur úr sjóðnum, ef til kæmi, nema samtals aðeins 67 % af meðalafla, og síðan auðvitað því minna sem eiginafli skipsins væri minni en 45 %.

Þar sem gera verður ráð fyrir — ef fylgt verður þeirri upphýggingu frumv., sem form. nefndarinnar leggur til og ég mun greiða atkvæði með — að tilhneiging verði til þess að ákveða „meðalveiðimagn“ í lægra lagi — til þess að hlífa sjóðnum við bótum, nema mikill aflabrestur sé — lít ég svo á, að 67 % og síðan minna af þannig ákveðnu meðalveiðimagni sé ekki nægilegt til að halda rekstrinum almennt gangandi, sem þó hlýtur að vera tilgangur tryggingarinnar.

Einnig með hliðsjón af þessari tilhneigingunni til að ákveða meðalaflamagnið í lægra lagi virðist mér ástæða til að bæta skipum hærra upp en 74,5 % af meðalaflamagni, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, — ef aflabrestur annars er svo almennur, að til bóta komi úr sjóðnum.

Ég legg því til, að teygt sé úr bótastiganum, í báða enda, þannig að skip, sem aflar 45 % af meðalafla, fái 50 % bætur af því, sem vantar á meðalafla, og síðan 1 % lægri bætur fyrir hverja aukna aflaprósentu. Séu bætur greiddar eftir þessari reglu til skipa, sem hafa veitt allt að 85 % af meðalafla, og nema lægstu bætur þá 10 % af því, sem vantar á meðalafla.

Samkv. þessari tillögu mundi eigin afli og bætur hjá skipi, sem veiddi 45 % af meðalafla, nema samtals 72,5 % meðaflans — í stað 67 % samkv. frumv. — og bætt yrði til skipa með hærri afla, þannig að mest gæti eigin afli og bætur saman numið 86,5 % af meðalafla.

Þá legg ég einnig til, varðandi bæturnar, að ef skip veiða minna en 20 % af meðalafla, skuli sjóðstjórnin rannsaka sérstaklega, hvort slíkt algert aflaleysi stafi ekki af vitaverðri vanrækslu eða óstjórn á útgerðinni, og ef svo reynist, skal sjóðstjórninni heimilt að draga úr bótum eða jafnvel fella þær alveg niður, ef um mikil víti er að ræða. Vil ég með þessu ákvæði koma í veg fyrir, að sjóðurinn verði misnotaður til að halda uppi óreiðuútgerðum, ef til vill árum saman.

Samkvæmt framansögðu legg ég til, að frumv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu þeir skipaðir af ráðherra, til 4 ára í senn, á þann hátt, sem hér segir: Einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, annar samkv. tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna og hinn þriðji samkv. tilnefningu Fiskifélags Íslands. Ráðherra skipar einn þessara manna formann stjórnarinnar. Tilnefni einhver þessara aðila ekki mann í sjóðstjórnina, skipar ráðherra mann í það sæti án tilnefningar. Endurskoðendur ríkisins skulu endurskoða reikninga sjóðsins án aukabóknunar.

Stjórn sjóðsins er ólaunuð.

Fiskifélag Íslands annast afgreiðslu sjóðsins, undir eftirliti sjóðstjórnar og yfirstjórn ráðherra, án sérstakrar greiðslu fyrir það starf.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Reikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

2. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Árlegar tekjur sjóðsins eru:

1. $\frac{1}{4}$ % útflutningsgjald af öllum útfluttum sjávarafurðum, öðrum en þeim, sem koma frá botnvörpuskipum, hvalveiðum og selveiðum. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru og greiðast af útflytjendum.
2. 10 % af árlegum nettó hagnaði Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, í fyrsta sinn af hagnaði ársins 1948.
3. Ef tekjur sjóðsins samkv. 1. og 2. tölulið nema minna en 4 milljónum króna, skal ríkissjóður leggja sjóðnum til það fé, sem vantar á 4 milljónir.
4. Tekjur af eignum sjóðsins.

Tekjur sjóðsins samkv. 1. tölulið skiptast á deildirnar þannig, að gjald af útfluttum sildarafurðum fellur til sildveiðideildar, en hinn hluti gjaldsins til þorskveiðideildar. Tekjur samkvæmt 2. og 3. tölulið skiptast jafnt á milli deildanna.

Ríkissjóður sér um innheimtu á tekjum sjóðsins.

Fé sjóðsins skal ávaxtað til helminga í Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands.

3. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Nú hefur almennur aflabrestur orðið á einhverju veiðisvæði, svo að til sjóðsins kasta kemur um bæt看ur. Skal þá hvert það skip, sem aflar 45% eða minna af meðalafli skipa þess flokks á viðkomandi veiðisvæði, fá bætt 50% af því, sem vantar á meðalafli, og síðan, með vaxandi afla, lækkandi hundruðshluta bóta samkv. eftirfarandi reglu:

Skip, sem aflar 45 % af meðalafli fær 50 % bæt看ur af því, sem vantar á meðaltal.

—, —	46 —	—, —	49 —	—, —
—, —	47 —	—, —	48 —	—, —
—, —	48 —	—, —	47 —	—, —
—, —	49 —	—, —	46 —	—, —
—, —	50 —	—, —	45 —	—, —
—, —	51 —	—, —	44 —	—, —
—, —	52 —	—, —	43 —	—, —
—, —	53 —	—, —	42 —	—, —
—, —	54 —	—, —	41 —	—, —
—, —	55 —	—, —	40 —	—, —
—, —	56 —	—, —	39 —	—, —
—, —	57 —	—, —	38 —	—, —
—, —	58 —	—, —	37 —	—, —
—, —	59 —	—, —	36 —	—, —

Skip, sem aflar	60 % af meðalafla fær	35 % bætur af því, sem vantar á meðaltal.
61	34	
62	33	
63	32	
64	31	
65	30	
66	29	
67	28	
68	27	
69	26	
70	25	
71	24	
72	23	
73	22	
74	21	
75	20	
76	19	
77	18	
78	17	
79	16	
80	15	
81	14	
82	13	
83	12	
84	11	
85	10	

Skip, sem afla meira en 85% af meðalafla í viðkomandi flokki, fá engar bætur.

Ef skip veiða minna en 20% af meðalafla viðkomandi flokks, skal sjóðstjórin rannsaka sérstaklega, hvernig á slíku aflaleyfi stendur. Ef þá kemur í ljós, að vítaverð vanræksla eða óstjórn á útgerðinni á verulegan þátt í aflaleyfinu, er sjóðstjórninni heimilt að draga úr þeim bótum, sem viðkomandi skipum bæri samkv. hinni almennu reglu þessarar greinar, eða fella bæturnar alveg niður, ef um mikil viti er að ræða.

Ef fé sjóðsins hrekkur ekki til úthlutunar samkv. ofanskráðu, skal úthlutun lækkuð hlutfallslega. Á sama hátt má stjórn sjóðsins, að fengnu samþykki ráðherra, hækka úthlutun, ef mikil þörf er fyrir bætur og fjárhagur sjóðsins leyfir.

Alþingi, 2. maí 1949.

Steingrímur Aðalsteinsson.